



ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS TRAFIKSKOLE UNION / THE ICELANDIC UNION OF DRIVING SCHOOLS ASSOCIATIONS

Alþingi
Erindi nr. P 127/1855
komudagur 11. 4. 2002

Alsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umsögn Ökukennarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum. 127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 1051 – 652. mál.

Ökukennarafélagið gagnrýnir að ekki skuli hafa verið leitað til þess varðandi umsögn um frumvarp þetta.

1. Ökukennarafélagið fer fram á að samráð verði haft við það við setningu reglugerðar í samræmi við 2. gr. lið a.
2. Ökukennarafélagið leggst gegn þeirri breytingu sem fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.
Veruleg hætta er á mismunandi túlkun lögreglustjóraembætta eins og reynslan hefur sýnt varðandi umsóknir um ökuréttindi. Það býður þeirri hættu heim að menn fari á milli embætta.
Ef breyting er nauðsynleg telur Ökukennarafélagið eðlilegra að hlutverkið flytjist til Umferðarstofu eða Ríkislögreglustjóra þannig að tryggt sé að allar upplýsingar séu á einni hendi og afgreiðsla samræmd.

Virðingarfyllt,
f.h. Ökukennarafélags Íslands

Guðbrandur Bogason
formaður